

um tímum, fjöldi mesti, sem ekki leggja fyrir sig að sækjast að eins eftir eigin hagsmunum, heldur að þjóna guði sannleikans og í trausti til hans og í samfélagi með honum hafa öðlast kraft þann sem leiðir til réttlætis og friðar. Og það eru flestir vorir vísindamenn og ágætustu mannanna sona. Kristindómurinn er sögulegs eðlis og uppruna, og hann er ekki frekar liðin tíð—eintólm fornaldarsaga—en nútíðar reynsla og þekking manna.

En í þriðja lagi, þá megum vér vera ásátt með úrslit þau, er rannsóknir síðastliðinna ára hafa í ljós leitt viðvíkjandi þessum málum. Öll trúarbrögð eiga þátt í að safna utan um sín kennningaratriði ýmisum ónauðsynlegum og jafnvel skaðlegum kreddum. Hinn skriftlærði með heilagri vandlætingasemi fyrir lögmálinu hlóð utan um það háan virkisvegg, og veggurinn er vernda átti lögmálið hefir falið það og jafnvel eyðilagt það. Kristin kyrkja er hefir í höggi átt við ýmislegar sérskoðanir bæði að utan og innan frá, hefir gert miðlungstrú sína að trúarlegum mælikvarða fyrir alla menn, og yfir þann sem dirfast skyldi að hugsa á annan veg, hefir hún helt bannfæringum fyrkomna og ókomna tíð. Varnarveggurinn hlífir um stund, en áður langt um líður myndar dýflissu, er útilokar jafnt sannleik og lýgi, en kæfir alt og deyðir, sem fyrir innan hann er. Og það hefir atvikast þannig, að vér lifum nú á þeim tímum, er bylta um veggjum og niðurbrjóta millipiljur. Á stundum hefir það verið gert með hörðum höndum. En öndvert byltingastefnunni rís jafnan upp hin rétta samhaldsemi mannsandans, sem með jöfnum áhuga viðheldur og verndar það sem satt er og nyt samt, eins og hún vill fyrirkoma því skaðlega og ósanna. Og endalokin verða þau, að alt það sem krefst sannra framfara verður opinberað og gert heyrum kunnugt.

Vér getum þegar séð þess vott. Um leið og hver trúbábyljan er yfirgefín skín með enn skærra ljósi sannleikur sá er hún áður fal. Með því að skipa einni bók eða nokkrum hluta einhverrar bókar á sinn rétta stað, í stað þess að halda honum á röngum stað, lýsir töluvvert betur upp sögu hinna andlegu framfara í heiminum. Að leggja áherzluna á andlega yfirburði í stað yfirnáttúrlegra kraftaverka, er ekki trúarleg asturför,